



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**46. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 13. mars 2024
og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Orri Vignir Hlöðversson, Þór Sigurgeirsson, Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Gunnar Valur Gíslason, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Útboð á aðkeyptum akstri strætisvagna - 2303010

Engin aðgengileg tilboð bárust í útboð Strætó bs. á akstri almenningsvagna, en um var að ræða útboð á sama hluta aksturs Strætó bs. og áður hefur verið boðinn út. Var því ákveðið að taka upp samkeppnisviðræður. Framkvæmdastjóri og stjórn Strætó bs. kynna ferli þeirra og möguleg næstu skref.

Niðurstaða:

Kynnt og frekari umræðum frestað til næsta eigendafundar Strætó bs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.